

## Fundargerð fræðsluráðs Húnaþings vestra.

154. fundur fræðsluráðs Húnaþings vestra haldinn þriðjudaginn 8. október 2014, kl. 15:00 í fundarsal Ráðhússins

### Fundinn sátu:

Magnús Magnússon formaður, G. Kristín Ólafsdóttir varaformaður, Ingibjörg Rósa Auðunsdóttir, Valdimar Gunnlaugsson og Sigrún Waage.

**Embættismenn:** Esther Hermannsdóttir, sviðsstjóri fjölskyldusviðs.

**Fundarritari:** Esther Hermannsdóttir

### Dagskrá:

1. Bréf vegna Skólabúðanna í Reykjaskóla.
2. Bréf Mennta- og menningarmálaráðuneytisins um breytingu á námsmati.
3. Önnur mál.

### Afgreiðslur:

1. Formaður gerði grein fyrir heimsókn formanns fræðsluráðs og sviðsstjóra fjölskyldusviðs í Skólabúðirnar að Reykjum. Þar kynntu þau forráðamönnum Skólabúðanna bréf frá kennurum sem dvalið höfðu í Skólabúðunum og innihélt athugasemdir um einstaka þætti í starfsemi búðanna. Bréfið verður rætt nánar við forráðamenn Skólabúðanna á næsta fundi fræðsluráðs.
2. Fræðsluráð Húnaþings vestra gerir ekki athugasemdir við bréf Mennta- og menningarmálaráðuneytisins dags. 10. sept. þar sem kynnt er breyting á námsmati í grunnskóla.
3. Bréf frá Birgi Rafni Friðrikssyni hjá Snjallskóli.is sem varðar skólaþróun og snjalltækjanotkun í skólastarfi. Formaður mun hitta skólastjóra Grunnskóla Húnaþings vestra og fara yfir hvernig þessum málum er háttað í skólastarfinu hér áður en bréfinu er svarað.

Fundargerð upplestin og samþykkt.

Fundi slitið 16:28

Magnús Magnússon

Ingibjörg Rósa Auðunsdóttir

G. Kristín Ólafsdóttir

Sigrún Waage

Valdimar Gunnlaugsson

Esther Hermannsdóttir

